

## Ljúflingar og sveinaástir

Í Grikklandi blasir enn við sjónum bergrista nokkur af ástaratlotum ungs sveins og fullorðins karlmanns: „Hið gríska (dorisk) mikilmenni á sjöundu öld fyrir upphaf okkar tímatala gaf drengnum hlutdeild í bestu karlmannseiginleikum sínum gegnum völsann. Hér er um að ræða táknræna athöfn, því losta var skipað skör lægra en þeim mikilvægari ásetningi að koma drengnum til manns. [Eiginleikarnir voru] styrkur, skyldurækni, mælska, snilld, gjöfli og aðrar góðar dygðir aðalsins.“ Svo segir danski sálkönnuðurinn, Thorkil Vanggaard, í bók sinni, „Völsinn“ (Phallos).

Í sögu mannsandans fræðir Ágúst Bjarnason: „[Það eru] ... mörg dæmi þess úr sögu Grikkja, að karlmenn fengju hreina ást á fegurð yngissveina án þess að hugsa til nokkurs holdlegs munaðar, en það kom til af því, að Grikkir dáðust yfirleitt miklu meir að líkamsfegurð karla en kvenna. Nú er alloft getið um sveinaást í samræðum [forngríska heimspekingsins] Platons [428-348??], en þó einkum í ástarræðunni; en Platon tekur hana alltaf, þegar hann talar frá eigin brjósti fyrir munn Sókratess í hinni háleitari merkingu, þar sem hún er gjörneydd öllum holdlegum girndum, en beinist að fegurðinni einni saman. Er það hin svonefnda platónska ást.“

Í samdrykkju Platons segir Fædros: „Ekki kann ég fyrir mitt leyti að nefna neitt meira kapp fyrir yngissvein en góðan ástmann og fyrir ástmanninn ljúfling. Því hvorki ættgöfgi, mannvirðingar, auður né neitt annað jafnast á við ástina í að innræta mönnum það sem verður að stýra öllu mannlegu lífi, það er að segja þeirra sem hyggjast lifa fagurlega. Hvað skyldi ég nú eiga við? Jú, skömmina vegna þess sem ljótt er og metnaðinn til þess sem er fagurt. Án þessa getur hvorki ríki né einstaklingur drýgt miklar og fagarar dáðir.“ (Þýðandi: Eyjólfur Kjalar Emilsson.)

Svo segir forngríska ljóðskáldið Þeógnis (Theognis) frá Megara (570-485): „Hamingjusamur er sá, sem elskar við líkamsrækt og leggur sig til svefns með fögrum sveini, þegar heim er haldið að henni lokinni.“

Eþórus (Ephorus (405?-330?)) frá Kyme á fjórðu öld fyrir okkar tímatala, skrifar, að á Krít væri stundum stofnað til ástsveinasambands eins og um brúði væri að ræða. Aðalsmaðurinn lét vita nokkrum dögum áður um stað og stund. Brúðhlaupið var samþykkt af fjölskyldunni, væri staða og dygð (arete) við hæfi. Gjafir fylgdu og viðhöfn. Það fól hins vegar í sér niðurlægingu, væri brúðhlaupinu hafnað, einnig, væri ekki valinn piltur af betri ættum.

Gríska sagnfræðingurinn og heimspekingurinn, Plutarch (46-119), segir um ástkarla Spartverja, að eftir að til sambands var stofnað við ljúfling, tóku þeir á sig víðtæka ábyrgð á hegðun og þroska hans, stundum til sæmdar, stundum til vansæmdar. Karlar, sem skirrðust við að gangast við þeirri ábyrgð að giftast og eignast börn, voru litnir hornauga og – eins og algengt var um víða veröld – smánaðir. Þeir voru m.a. þvingaðir að vetrarlagi til að spranga naktir um á torginu og syngja háðsöngva um breytni sjálfra sín. Þeim var sömuleiðis bannað að horfa á íþróttaiðkun snáða og snóta. (Thorkil Vanggaard)

Plutarch fræðir okkur einnig um Solon (630?-560?), sem var mikilsvirtur stjórnmalamaður, lögvitringur og skáld frá Aþenu. Hann ku hafa samið lög þess efnis, að þrælum væri bannað að smyrja frjálsa drengi í olíu eða hafa við þá kynferðislegt samneyti. Þá virðingu ættu frjálsir og æruverðugir einir skilið. Samkvæmt Plutarch tjáði Sólon sig lostafullt um sveinaást sína, löngun eftir „læri og sætum munni.“ (Thorkil Vanggaard)

Til gamans má geta þess, að einhverju sinni, sem umræddur Sólon (630-560), var inntur eftir því, hver eiginlega stjórnaði Aþenu, varð honum að orði: Það gerir eiginkona mín og hún lætur stjórnast af strákhvolpnum. Sólon var talinn einn sjö grískra spekinga í fornöld. Lög hans mæla einnig svo fyrir um, að skuldbindi karlmaður sig undir þrýstingi frá eiginkonu, missi skuldbindingin gildi sitt.

Sveinaástir voru einnig algengar í Róm, þar til (gyðingleg) kristni blómstraði í ríkinu. Dæmi um þetta eru ástir Hadrians keisara (76-138). Sögur herma átakanlegan harm keisarans, þegar ástsveinn hans, Antinoos, drukknaði í Níl aðeins tvítugur að aldri.

Sveinaástir eru framandi, torskiljanlegar í ljósi siðgæðisvitundar nútímamanna. En hinn skynsami Thorkil Vanggaard bendir á, að til að öðlast skilning á eðli drengjaásta í Grikklandi hinu forna, „... verði menn að losa sig úr viðjum þess fordóms, sem sífellt er endurtekinn með undarlegu tilbreytingarleysi í textafræðum, menningarsögu og ritum um geðlækningar, að karlarnir í Grikklandi hafi lagt ástir á hvern annan sökum þess, að konurnar væru ekki áhugaverðar. [Því þær væru] svo fákunnandi og menningarlega frumstæðar ... niðurbrotnar vegna kúgunar karla, læstar inni og einangraðar á heimilinu án nokkurra áhrifa á stjórnsmál [Og því væru þær] gjörsneyddar tækifærum til þroskunar og þar af leiðandi greindarskertar (uintellektuel), seinfærar og dofnar - í þeirri þrælakistu sem heimilið er á vorum dögum. Slíkur skilningur er út í hött ... [og] ... sú hugsun lýsir skorti á ímyndunarafli, að andleg leiðindi hafi leitt til þess, að forngrískir karlar hafi gefið ástum kvenna sinna langt nef.“

Hann segir enn fremur: „Það er staðreynd, að frelsi og sjálfstæði forngrískra (dorísk) kvenna var á allra vörum í Grikklandi ... {í fornöld}. Það er jafn fjarstæðukennt að ímynda sér þær sem kúgaðar og minnimáttar rétt eins og konur af fornorrænu bergi brotnar, jafnvel þótt þær tækju heldur ekki þátt í þingstörfum með körlunum. ... Hin kunna tugga um kúgun kvenna í samfélagi karla á heldur ekki við um konur í Aþenu [hinni fornu]. Þó voru þær í meira mæli bundnar heimili sínu heldur en kynsystur þeirra í Spörtu. Ei heldur stunduðu þær líkamsrækt.“

Í bók sinn um Forngríkki, „Grikkir,“ (The Greeks) segir breski fornmenntafræðingurinn og þýðandinn, prófessor Humphrey Davy Findley Kitto (1897-1982): „Flestir meðal grískra karlmanna sýndu konum áhuga og flestar kvenna sýndu áhuga sjálfum sér. ... Það er viðtekin trú ... að konur í Aþenu byggju við innlokun af austurlenskum toga, afskiptar, jafnvel fyrirlitnar. Hún á sér rætur ýmist í beinni skírskotun til bókmennta eða í síðri, lagalegum réttindum.“

Thorkil miðlar af visku sinni: „[T]ilhneiging drengsins til að kjósa sér fyrirmynd meðal eldri drengja og fullorðinna karla ... er nauðsynlegur og eðlilegur þáttur í þroskun hans. Það er honum hjálp að líkja eftir hinum eldri til að tileinka sér [nauðsynlega] eiginleika og hæfni. Þau sterku tengsl og hlýja ást, sem þannig verður til og finnur sér farveg í þessum samböndum, efla stælinguna.“

Sveinaástir minna um flest á karlmannsvígslu annars staðar og víðast á heimskringlunni. Strákar þurftu á feðrum sínum og öðrum karlmönnum að halda til að læra karlmennsku eins og hún viðgekkst og gjörðist í hlutaðeigandi samfélagi.

